

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-Lax ehf. Auðbrekka 9



Dags eftirlits	16.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-Lax ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Auðbrekka 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Vigfússon	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar frágang á búnaði en engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að fylgja eftir ábendingu sem barst stofnunni þann 15. ágúst sl. um að fiskur hefði stíflað frárennislagnir neðan eldisstöðvar N-Lax að Auðbrekku.

Í eftirlitinu kom fram að óhapp varð er verið var að losa vatn úr kerinu í gegnum niðurfalið í miðju kersins. Rör, sem fest er niður í botn kersins og nær upp að vatnsyfirborði kersins hafði losnað frá botni og færst til með þeim afleiðingum að fiskur komst í gegnum niðurfalið og út í frárennislagnirnar. Við það stífluðust lagnirnar og flæddi upp um frárennislisbrunn sem staðsettur er um 50m neðan við stöðina. Að sögn starfsmanns bæjarins er frárennslíð á þessum stað tiltölulega hreint og því ekki talin mengunarhætta af því sem uppúr fór. Bæjarstarfsmenn unnu að því að hreinsa upp úr brunnum og var dælubíll kallaður til, til að soga dauðan fisk úr rörunum. Um stóran fisk var að ræða (2-3kg) og stíflaði hann því frárennislisrörin. Um 16 fiskar voru hreinsaðir úr fráveitukerfinu og varð nokkuð rask á næsta umhverfi fráveitubrunnsins en er um graslendi að ræða með lágum trjágróðri svo áhrif rasksins eru ekki stórvægileg og auðvelt að græða upp til fyrra horfs.

Rætt var við starfsmann bæjarins sem kom að hreinsuninni og ekki er talið að lifandi fiskur hafi sloppið út í sjó, í gegnum frárennisliskerfið en það er þó ekki útilokað þar sem lagnir neðan brunnarins eru víðari en fyrir ofan. Fiskurinn sem hreinsaður var úr lögnunum var illa farinn, kraminn og brotinn svo ólíklegt er talið að einhverjir hafi lifað af ferð niður í sjó.

Allur fiskur í stöðinni er geldur (3litna) regnbogasilungur.

Rekstraraðili hefur lagfært eldiskarið og soðið rörið aftur niður í botninn. Verklagsreglur við dælingu úr kerinu verða endurskoðaðar með það að marki að þetta komi ekki fyrir aftur. Óskar eftirlitsaðili eftir því að fá afrit af þessum verklagsreglum.

Frávik frá

Gr. 1.1 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal útbúa allan eldisbúnað með þeim hætti að hann valdi ekki óprifum eða mengun. Þó hér hafi verið um slysi að ræða þá var búnaðurinn ekki nægjanlega vel frá genginn til að þola það álag sem á hann var lagt. Rekstraraðili hefur bætt búnaðinn og vinnur að nýjum verklagsreglum og verður því ekki frekari eftirfylgni með þessu fráviki.

ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

Reykjavík, 13.09.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

